

REGLUR

um afplánun undir rafrænu eftirliti.

1. gr.

Markmið rafræns eftirlits.

Markmið með afplánun undir rafrænu eftirliti er að gefa fanga kost á því að aðlagast samfélaginu smám saman á ný áður en til loka afplánunar kemur. Er úrræðinu ætlað að hafa uppbyggilegt gildi, beina fanga af braut afbrota og minnka kostnað við refsifullnustu.

2. gr.

Tímaskilyrði.

Til þess að afplánun undir rafrænu eftirliti komi til álita skal fangi áður hafa nýtt sér úrræði samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga með fullnægjandi hætti en í því felst að fangi sem dæmdur hefur verið í 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi telst hafa nýtt sér úrræði samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga um fullnustu refsinga þegar hann hefur afplánað þrjá mánuði með slíkum hætti.

Þegar dæmd refsing er lengri en 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi lengist dvöl samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga um fullnustu refsinga um 2,5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð og verður fjórir mánuðir við tveggja ára fangelsisrefsingu. Slík dvöl lengist síðan með sama hætti um einn mánuð fyrir hvert dæmt ár og verður að hámarki 12 mánuðir þegar dæmd refsing er 10 ára fangelsi eða lengri.

<i>Refsing í árum:</i>	<i>Dagafjöldi á Vernd:</i>		<i>Refsing í mánuðum:</i>	<i>Dagafjöldi á Vernd:</i>
1 ár	90	}	1 mánuður	2,5
2 ár	120		2 mánuðir	5,0
3 ár	150		3 mánuðir	7,5
4 ár	180		4 mánuðir	10,0
5 ár	210		5 mánuðir	12,5
6 ár	240		6 mánuðir	15,0
7 ár	270		7 mánuðir	17,5
8 ár	300		8 mánuðir	20,0
9 ár	330		9 mánuðir	22,5
10 ár	360		10 mánuðir	25,0
11 ár	360		11 mánuðir	27,5
12 ár	360		12 mánuðir	30,0
13 ár	360			
14 ár	360			
15 ár	360			
16 ár	360			

3. gr.

Tímalengd undir rafrænu eftirliti.

Þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi getur afplánun undir rafrænu eftirliti verið 60 dagar. Afplánun undir rafrænu eftirliti lengist síðan um 5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð og getur orðið 360 dagar hið mesta. Hluti mánaðar reiknast hlutfallslega.

<i>Refsing í árum:</i>	<i>Dagafjöldi undir rafrænu eftirliti:</i>		<i>Refsing í mánuðum:</i>	<i>Dagafjöldi undir rafrænu eftirliti:</i>
1 ár	60	}	1 mánuður	5
2 ár	120		2 mánuðir	10
3 ár	180		3 mánuðir	15
4 ár	240		4 mánuðir	20
5 ár	300		5 mánuðir	25
6 ár	360		6 mánuðir	30
7 ár	360		7 mánuðir	35
8 ár	360		8 mánuðir	40
9 ár	360		9 mánuðir	45
10 ár	360		10 mánuðir	50
11 ár	360		11 mánuðir	55
12 ár	360		12 mánuðir	60
13 ár	360			
14 ár	360			
15 ár	360			
16 ár	360			

4. gr.

Umsókn um afplánun undir rafrænu eftirliti.

Skrifleg umsókn um afplánun undir rafrænu eftirliti skal að jafnaði berast Fangelsismálastofnun um leið og umsókn um dvöl á áfangaheimili Verndar eða öðru sambærilegu úrræði skv. 31. gr. laga um fullnustu refsinga.

Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um dvalarstað fanga og fyrirhugaða vinnu, nám, starfsþjálfun, meðferð eða önnur verkefni sem verða liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný. Þá skal einnig koma fram nafn maka fanga, forráðamanns, nánasta aðstandanda eða húsráðanda sem samþykkir að hann sé í afplánun undir rafrænu eftirliti á sameiginlegum dvalarstað þeirra.

5. gr.

Vinna, nám, starfsþjálfun, meðferð og önnur verkefni.

Staðfesting vinnuveitanda, skólayfirvalda, meðferðaraðila eða annarra aðila skal liggja fyrir áður en ákvörðun um rafrænt eftirlit er tekin. Þá skal þeim gert ljóst að viðkomandi sé fangi og samþykki þeirra fengið fyrir því að eftirlit verði haft með því að hann stundi vinnu, nám, starfsþjálfun, meðferð eða önnur verkefni á vegum þeirra.

Fanga er óheimilt að yfirgefa þann stað sem samþykktur hefur verið nema með sérstöku leyfi Fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún hefur samþykkt. Geri hann það getur það leitt til þess að litið verði á slíkt sem stök úr refsivist.

Fanga er óheimilt að skipta um vinnu, nám, starfsþjálfun, meðferð eða önnur verkefni nema mjög sérstakar ástæður séu fyrir hendi og þá með samþykki Fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún hefur samþykkt.

6. gr.

Dvalarstaður, samþykki o.fl.

Áður en ákvörðun um afplánun undir rafrænu eftirliti er tekin skal Fangelsismálastofnun eða annar aðili sem hún ákveður gera athugun á tilvonandi dvalarstað fanga, svo sem hvort unnt sé að nýta búnað vegna rafræns eftirlits með fullnægjandi hætti. Þá skal einnig meta hvort dvalarstaður sé til þess fallinn að ná þeim markmiðum sem úrræðinu er ætlað.

Slík athugun skal að jafnaði gerð þremur vikum áður en rafrænt eftirlit hefst og þá skal einnig liggja fyrir skriflegt samþykki maka fanga, forráðamanns, nánasta aðstandanda eða húsráðanda um að fangi sé í afplánun undir rafrænu eftirliti á sameiginlegum dvalarstað þeirra.

Áður en afplánun undir rafrænu eftirliti hefst skal kynna fanga ítarlega þær reglur sem gilda um rafrænt eftirlit.

Afhenda skal fanga skírteini þar sem skilyrði rafræns eftirlits koma fram og samþykkir hann þau með undirritun sinni.

Fanga er óheimilt að fara af landi brott. Geri hann það verður litið á slíkt sem stök úr afplánun.

7. gr.

Búnaður.

Fangi undir rafrænu eftirliti skal hafa á sér ökklaband svo unnt sé að fylgjast með ferðum hans. Jafnframt skal hann hafa á sér eigin farsíma.

Fanga er óheimilt að fjarlægja ökklaband af sér. Geri hann það gildir slíkt sem rof á skilyrðum um rafrænt eftirlit. Sama gildir hafi fangi ekki á sér farsíma.

8. gr.

Eftirlit með fanga undir rafrænu eftirliti.

Eftirlit með fanga sem sætir rafrænu eftirliti er í höndum Fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún ákveður. Auk eftirlits með rafrænum búnaði getur eftirlit með fanga falist í heimsókn á dvalarstað hans, vinnustað eða í skóla á hvaða tíma sólarhrings sem er.

Fanga ber að svara öllum hringingum frá fangelsisyrðingum eða öðrum eftirlitsaðilum án undandrátta. Geri hann það ekki getur slíkt talist rof á skilyrðum rafræns eftirlits.

Fanga er skylt að mæta í viðtal til Fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún hefur samþykkt, sé þess óskað.

Heimilt er að krefjast þess að fangi undirgangist rannsókn á öndunarsýni og/eða blóð- og þvag-rannsókn á hvaða tíma sólarhrings sem er. Fangi má eiga von á því að verða boðaður í fangelsi eða á lögreglustöð til að láta í té slík sýni. Synjun fanga á slíkri rannsókn gildir sem rof á skilyrðum rafræns eftirlits.

9. gr.

Veikindi eða önnur forföll.

Fangi skal ávallt tilkynna Fangelsismálastofnun eða öðrum aðila sem hún hefur samþykkt veikindi eða aðrar orsakir fyrir því að hann geti ekki sótt vinnu, nám, starfsþjálfun, meðferð eða önnur verkefni sem honum ber að sinna og skila læknisvottorði. Fanga ber að skila læknisvottorði innan viku frá því að veikindi voru fyrst tilkynnt. Heimilt er að krefjast fleiri eða ítarlegri læknisvottorða telji Fangelsismálastofnun þörf á því.

Fanga ber að tilkynna veikindi eða önnur forföll áður en vinna, nám, starfsþjálfun, meðferð eða önnur verkefni eiga að hefjast. Standi veikindi lengur en einn dag skal fangi tilkynna það daglega. Fangelsismálastofnun eða annar aðili sem hún samþykkir getur metið hvort tilgreind forföll verða tekin til greina.

Ef fangi getur ekki sinnt vinnu, námi, starfsþjálfun, meðferð eða öðrum verkefnum sem honum ber að sinna á virkum degi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum skal hann vera á dvalarstað sínum á þeim tíma. Í undantekningartilvikum getur Fangelsismálastofnun eða annar aðili sem hún samþykkir heimilað fanga að yfirgefa dvalarstað sinn á þeim tíma til að sinna brýnum erindum.

10. gr.

Greiðsla skaðabóta.

Krefja má fanga um greiðslu á skaðabótum vegna hvers kyns tjóns á búnaðinum sem hann er ábyrgur fyrir.

11. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af Fangelsismálastofnun ríkisins með heimild í 3. mgr. 31. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016 og öðlast þær þegar gildi.

Nr. 601

1. júní 2016

Jafnframt falla úr gildi reglur um afplánun refsingar undir rafrænu eftirliti nr. 404 20. febrúar 2012.

Fangelsismálastofnun ríkisins, 1. júní 2016.

Páll E. Winkel.

B-deild – Útgáfud.: 5. júlí 2016